

Minnisblað um fjármál

Dagsetning:	2. desember 2021
Verkkaupi:	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
Efni:	Fjármál. Drög til kynningar fyrir íbúum.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði þann 23. september var farið yfir stöðu fjármála og stjórnsýslu í sveitarfélögunum tveimur. Farið var yfir áskoranir, tækifæri og mögulegar breytingar ef til sameiningar kemur. Margeir Friðriksson sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslu Sveitarfélagsins Skagafjarðar var gestur fundarins. Framhald umræðu í málaflokknum fór fram á fundum nefndarinnar 11. og 20. október.

Viðmið um fjármál og rekstur sveitarfélaga


Þegar kemur að rekstri sveitarfélaga og fjármálum þess er almennt litið til þriggja megin viðmiða.

- Meginreglan um ábyrga fjármálastofnun** segir að sveitarstjórnnum ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum lána. Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur hafa afgang veltufé eftir afborganir langtímalána frá árinu 2017, að árinu 2020 undanskildu hjá Akrahreppi. Þá var stærðin neikvæð um 2,9 m. kr. Þetta gefur til kynna að sameinað sveitarfélag hefði ágætt svigrúm til fjárfestinga.
- Jafnvægisreglan** segir að sveitarstjórnir skulu að tryggja að rekstrarniðurstaða samstæðu sveitarfélags til þriggja ára sé ekki neikvæð. Bæði sveitarfélögin hafa staðist jafnvægisregluna síðustu fimm ár og sameinað sveitarfélag hefði einnig staðist regluna.
- Skuldareglan** segir að sveitarstjórnir skulu tryggja að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélags séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum. Árið 2020 var skuldahlutfall Sveitarfélagsins Skagafjarðar 123% og hlutfall Akrahrepps var 21%. Skuldahlutfall sameinaðs sveitarfélags hefði verið 120% árið 2020. Rétt er að taka fram að kuldir Akrahrepps eru aðeins útistandandi viðskiptareikningar en ekki er um langtímaskuldir að ræða.

Bæði Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður uppfylla þrjú meginviðmið um fjármál og rekstur sveitarfélaga og sameinað sveitarfélag uppfyllir einnig þessi viðmið.

Tekjustofnar sveitarfélaganna

Samsetning tekna sveitarfélaga gefur til kynna hvaða tekjustofnar eru sterkir og hvaða tækifæri eru til staðar að styrkja stofnana. Á myndinni að neðan er yfirlit og samsetning tekna sveitarfélaganna reiknað í þús. kr. á íbúa árið 2020. Landsmeðaltali er bætt við til þess að setja tekjur sveitarfélaganna í betra samhengi.




Myndin gefur til kynna að

- Akrahreppur hefur hlutfallslega lágar útsvarstekjur á íbúa.
- Fasteignaskattstekjur í báðum sveitarfélögum er undir landsmeðaltali.
- Bæði sveitarfélög stóla á framlög Jöfnunarsjóðs í rekstri en tæplega helmingur tekna Akrahrepps kemur frá framlögum Jöfnunarsjóðs, sem gerir sveitarfélagið viðkvæmt fyrir breytingum á reglum sjóðsins.

Eignir og skuldir sveitarfélaganna

Eignir sameinaðs sveitarfélags er 2.658 þús. kr. á íbúa en í Sveitarfélaginu Skagafirði eru eignir á íbúa 2.712 þús. kr. og í Akrahreppi 1.607 þús. kr.

Skuldir og skuldbindingar sameinaðs sveitarfélags á íbúa er 1.825 þús. kr. en í Sveitarfélaginu Skagafirði eru þær 1.908 þús. kr. á íbúa og 206 þús. kr. á íbúa í Akrahreppi.



Miðað við gildandi fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna verða skuldir og skuldbindingar á íbúa í sveitarfélögunum 1.940 þús. kr. árið 2024. Vísbendingar eru um að skuldir og skuldbindingar á íbúa í sameinuðu sveitarfélagi yrðu 1.862 þús. kr. á íbúa árið 2024 ef öll skuldajöfnunarframlög vegna sameiningar eru nýtt til niðurgreiðslu skulda eða í þau verkefni sem áætluð eru að komi til framkvæmda árið 2024.

Álagningarstofnar og gjaldskrár

Bæði Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður leggja á hámarksútsvar 14,52% og því er ekki búist við breytingum ef til sameiningar kæmi. Álag á fasteignir í sveitarfélögum er það sama á íbúðarhúsnæði (A-liður) og opinberar fasteignir (B-liður) en álag á atvinnuhúsnæði (C-liður) er ekki það sama. Í töflunni að neðan er yfirlit um álag á fasteignir í sveitarfélögunum.

Sveitarfélag	A-liður	B-liður	C-liður
Akrahreppur	0,475%	1,320%	0,475%
Sveitarfélagið Skagafjörður	0,475%	1,320%	1,605%

Ef til sameiningar kæmi þyrfti að samræma álag á atvinnuhúsnæði. Í Akrahreppi eru hlutfallslega fáar fasteignir atvinnuhúsnæðis, eða um 9 talsins og þar af eru 5 í eigu Mílu ehf. og Skagafjarðarveitna ehf. Breytingin hefði því ekki áhrif á margar eignir atvinnuhúsnæðis. Rétt er að halda því til haga að húsnæði til atvinnureksturs í landbúnaði flokkast undir A-lið.

Framlög Jöfnunarsjóðs

Við sameiningu sveitarfélaga fylgja framlög hverju sveitarfélagi og taka þau mið af ársreikningum sveitarfélaganna árið fyrir sameiningu. Framlöggin eru greidd á sjö árum eftir nánara samkomulagi

við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Áætlað er að framlög vegna sameiningar, miðað við ársreikning ársins 2020, verði 728 m. kr. alls.

- Sveitarfélaginu Skagafirði fylgja 622 m. kr.
- Akrahreppi fylgja 106 m. kr.

Við sameiningu sveitarfélaga koma útgjalda- og tekjujöfnunarframlög þeirra til með að breytast. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitti í júní 2021 koma framlögin til með að lækka um 35 m. kr. miðað við óbreyttan fjölda sveitarfélaga á Íslandi og óbreytt jöfnunarkerfi. Stefna stjórnvalda er að fækka sveitarfélögum og breyta jöfnunarkerfinu á þann hátt að framlög renni frekar til meðalstórra sveitarfélaga.

Áætlaðar fjárfestingar og fjárfestingargeta sveitarfélaganna

Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður eiga saman fasteignir og á næstu árum þarf að fjárfesta í þeim og sinna nauðsynlegu viðhaldi. Þátttaka í kostnaði við þessar framkvæmdir byggir á eignarhluta sveitarfélaganna.

Helstu verkefni sem eru á dagskrá eru framkvæmdir við Varmahlíðarskóla með leik-, grunn-, og tónlistarskóla undir sama þaki, viðhald á íþróttamiðstöðinni í Varmahlíð, Menningarhús á Sauðárkróki og uppbyggingu safnastarfsemi. Auk þess munu sveitarfélögin taka þátt í kostnaði við framkvæmdir viðbyggingar við verknámshús Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og fjölgun hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki í samstarfi við ríkið og eftir atvikum önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Endanlegur kostnaður við þessar framkvæmdir liggur ekki enn fyrir en kostnaðarmat er í vinnslu. Áætlaður heildarkostnaður þessara verkefna til næstu fjögurra ára er tæplega 2 milljarðar króna. Þar af er áætluð hlutdeild Akrahrepps um 326 m. kr. og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar um 1.655 m. kr.

Miðað við þá sviðsmynd að fjárfestingar fari fram á tímabilinu 2022–2025 er kostnaður sveitarfélaganna á næsta ári tæplega 50 m. kr. og eftirstöðvar framkvæmda frá og með árinu 2023 um 1.936 m. kr. Þessar áætlanir taka mið af því að sameiningarframlög að upphæð 728 m. kr. skili sér til sveitarfélaganna en verði ekki af sameiningu munu framkvæmdirnar dreifast á lengri tíma.